

ekkert sjæð því til fyrirstöðu, að hjálpa þurfamanni um hey á kostnað sveitarsjóðs, ef **34**
 slíkur styrkur er nauðsynlegur til að varna því, að hann felli skepnur þær, sem hann má **6.** apríl.
 ekki án vera sjer og ómögum sínum til framfæris, sjer í lagi kýr, og eins verður varla haft
 neitt á móti því, að matbjörg sú, sem getur um við 3. tölul, hefir verið lögð þurfamanninum
 af sveitarfe.

Með því að eigi hefir verið breitt neinum mótmælum gegn upphæð endurgjalds þess,
 sem Ölveshreppur hefir krafizt fyrir matbjörg þessa og heyhjálp, og þar sem Guðmundur
 Guðmundsson, áður en hann fluttist í Ölveshrepp, var búinn að ávinna sjer sveitfesti í hin-
 um sameinada þingvalla- og Grafningshreppi með 14 ára dvöl í Grafningi, geta nefndir
 hreppar í sameiningu samkvæmt dómsmálastjórnarbrjeft frá 2. nóvbr. 1861 eigi komizt hjá
 því, að endurgjalda Ölveshreppi 7 rd. 64 sk. eða 15 kr. 33 auro og 60 fiska af upphæð
 þeirri, sem ágreiningurinn hefir risið út af, og skal jeg þjónustusamlega mælast til þess, að
 þjer, herra amtmaður, hlutizt til um, að svo verði gjört.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdöminu um verð-* **35**
laun fyrir björgun úr lífsháska. — Með þessu brjeft var amtmanninum til- **7.** apríl.
 kynnt, að ráðgjafinn, samkvæmt tillögum landshöfðingja, hefði veitt Sigurði vinnumanni
 Erlendssyni á Útskálum 40 króna verðlaun, fyrir að hafa tvisvar lagt líf sitt í söluarar til að
 bjarga alls 5 mönnum, sem borizt hafði á á sjó, og fyrir að hafa gjört tilraun til að bjarga
 mönnum af sexæringi, er fórst.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um toll af strönduðu* **36**
víni. — Í brjeft frá í dag hafði þjer, herra bæjarfógeti, skýrt mjer frá, að frakkneskt **8.** apríl.
 fiskiskip hafi fyrir skemmstu strandað á Suðurnesjum, og með því að nokkuð af því, sem
 bjargað hafi verið frá því, muni vera rauðavín og brennivín eða konjak, sem muni ganga
 illa út, og, ef toll skuli heimta af því, alls ekki, leitað úrlausnar minnar um það, hvort
 heimta skuli toll af rauðavíni því, sem bjargað er af skipinu, og ef svo er, af hverjum skuli
 heimta hann. Fyrir þessa sök skal yður þjónustusamlega tjáð til þókanlegrar leiðbeiningar og
 eptirbreytni, að það leiðir beinlínis af 1. grein tilskip. frá 26. febr. 1872, að þjer verðið
 að sjá um, að gjald samkvæmt þessari tilskipun verði greitt af öllu víni, er í land verður
 flutt af hinu strandaða skipi, sem fyrst eptir að það er komið í land, og að toll þenna,
 eins og önnur útgjöld, er leiða af björguninni, ber að greiða af aðalandvirði hinna strönd-
 uðu fjármuna.

— *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um styrk við háskólann í* **37**
Khófn handa læknaefnum. — Kirkju og kennslustjórn ríkisins hefir 19. jan- **10.** apríl.
 úar þ. á. skýrt ráðgjafanum fyrir Ísland frá, að hún sama dag í brjeft til háskólaráðsins
 (consistorium) hafi fallizt á:

1. að styrkur sá, er veita má af stúdentasjóðnum (communitet) læknaefnum, er
 menntazt hafa á Íslandi, verði eptirleiðis greiddur þeim beinlínis úr þessum sjóði, í mánað-
 ar-skömmtum, frá þeim degi, er þau sanna, að þau hafi byrjað á námi því, sem styrkurinn er
 ætlaður til.